

STJÓRNARTÍÐINDI B 58 – 2000

22. maí 2000

829

Nr. 375

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 294/1997, um endurgreiðslu á virðisaukaskatti til aðila búsettra erlendis, með síðari breytingum.

1. gr.

Við fylgiskjal reglugerðarinnar bætist nýr liður sem orðast svo:

C. Tafla vegna endurgreiðslu á virðisaukaskatti, í þeim tilvikum er keyptar eru vörur í báð-um þrepum virðisaukaskatts í sömu verslun. Endurgreiða skal samkvæmt töflunni ef heildar-sölufjárhæð vara er a.m.k. 4.000 kr. en sölufjárhæð vara í öðru hvoru þrepi virðisaukaskatts er lægri en 4.000 kr. Skal þá endurgreiða virðisaukaskatt samkvæmt töflunni vegna sölu í því skattþrepi þar sem sölufjárhæð nær ekki 4.000 kr.

Sölufjárhæð í viðkomandi þrepi virðisaukaskatts	Endurgreiðsla á 14% virðisaukaskatti	Endurgreiðsla á 24,5% virðisaukaskatti
0-1.000	0	0
1.001-2.000	150	350
2.001-3.000	200	400
3.001-3.999	250	450

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 43. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 22. maí 2000.

Geir H. Haarde.

Árni Kolbeinsson.

30. maí 2000

Nr. 376

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um ökuskírteini, nr. 501 11. ágúst 1997.

1. gr.

Í stað „2.000 kr.“ í c-lið 1. mgr. 86. gr., sbr. reglugerð nr. 799 30. desember 1998, komi: 1.000 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 52. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. maí 2000.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Gutenberg